

**14. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 8. nóvember  
2023  
og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jónas Snæbjörnsson (JS), Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Birgitta Guðmundsdóttir (BG).

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), formaður

**Dagskrá:**

**1. Varaformaður fræðslunefndar - 2207004**

Kjör varaformanns fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps.

*Samþykkt samhljóða að Jónas Snæbjörnsson verði varaformaður fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps.*

**2. Opnunartími leikskóla - 2310138**

Erindi frá nokkrum foreldrum leikskólabarna dags. 16.10.2023 varðandi opnunartíma leikskólans á Tálknafirði skólaárið 2023-2024.

Mál frá 13. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.10.2023.

Aðalfulltrúinn Stefanía Margrét Reimarsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi við afgreiðslu þess. Ekki tókst að boða varafulltrúa til fundarins til að taka sæti hennar við afgreiðslu málsins.

*Erindið lagt fram og rætt.*

*Skólastjóri gerði grein fyrir því ferli sem fer fram við vinnu skóladagatala og átti sér stað í aðdraganda þess að skóladagatal 2023-2024 var samþykkt. Kom fram að í því ferli hafa foreldrar, í gegnum hagsmunasamtök sín, tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Fræðslunefnd vill hvetja foreldra til að vera virkir í samastarfi við skóla og þar meðal á þeim tíma þegar skóladagatal er unnið. Jafnframt voru þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á leiksskóla vegna styttingar vinnuvikunnar kynntar og ræddar.*

*Fræðslunefnd felur skólastjóra og sveitarstjóra að funda með bréfiturum vegna erindisins.*

**3. Menntastefna Vestfjarða - 2208078**

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 13.10.2023 þar sem drög að menntastefnu Vestfjarða eru send sveitarfélögum til umfjöllunar.

Mál frá 13. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.10.2023.

*Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar fram komnum drögum að menntastefnu Vestfjarða. Í því sambandi vill nefndin sérstaklega nefna þá áherslu sem er á iðn- og verknám, áhersluna sem er á samastarf á milli skólastofnanna og á milli skólastiga og að skýrt komi fram að lögð er áhersla á að styðja við fjölmenningsamfélag á Vestfjörðum. Þá telur nefndin sérstaklega ánægjulegt að sjá að horft er til samstarfs atvinnulífs og skólasamfélagsins.*

**4. Púkinn 2024 - tilnefningar sveitarfélaga og ungmennaráða í stýrihóp - 2311017**

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 31.10.2023 varðandi barnamenningsrátið Púkinn árið 2024. Öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er boðið að skipa fulltrúa í stýrihóp vegna hátíðarinnar og að auki einn fulltrúa úr ungmennaráði.

*Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að Tálknafjarðarhreppur skipi fulltrúa í stýrihóp barnamenningsrátiðarinnar Púkans 2024. Þá telur nefndin rétt að nemendaráð Tálknafjarðarskóla velji fulltrúa ungmenna frá Tálknafirði til að taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar.*

**5. Úthlutun úr Námsgagnasjóði grunnskóla 2023 - 2305137**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 27.10.2023 varðandi úthlutun úr Námsgagnasjóði 2023. Fram kemur að úthlutun til Tálknafjarðarskóla á árinu 2023 er að upphæð kr. 58.435.

*Lagt fram.*

**6. Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði - 2310149**

Samningur um starfsemi framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði sem gildir til loka skólaársins 2024/2025.

Mál frá 621. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 24.10.2023.

*Lagt fram.*

**7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 47. mál - 2310166**

Erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 26.10.2023 þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 47. mál, er sent til umsagnar.

*Lagt fram.*

**8. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024 - 2309035**

*Upplýsingagjöfin rædd.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

14. fundur  
16.11.2023

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR)

---

Birna F Hannesdóttir (BFH)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)